


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	MYS103- Myndlistarsaga Kennsluáætlun vor2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Arna Valsdóttir arna@vma.is	AVA	arna@vma.is
----------------	---	------------	--

Áfangalýsing:

Farið er yfir helstu stílbrigði sjónlista frá öndverðu og fram á 19. öld í samhengi við evrópska sögu og hvernig listin tengist þjóðfélagslegum forsendum á hverjum tíma. Farið er í gegnum helstu þætti listasögunnar í tengslum við tíðaranda hvers tímabils og munu nemendur nýta sér fjölbreytta miðla við upplýsingaleit og nýta sér tölvutækni við framsetningu verkefna sem unnin verða á önninni.

Markmið:

- að nemendur kynnist helstu stíleinkennum og stefnum í listasögu frá rómönskum stíl til og með raunsæju stefnunni.
- að nemendur þekki tæknilegar og félagslegar forsendur listsköpunar á afmörkuðum tímabilum í evrópskri sögu.
- að nemendur geri sér grein fyrir tengslum heimspeki og myndlistar.

Námsgögn:

Frá Hellamálverkum til Endurreisnar eftir Ingunni Þóru Magnúsdóttir (ÍDNÚ 1996)

Ljósrit frá kennara

Ýmis myndbönd

Glósubók: Nemendur kaupa sér glósubók og mæta með hana í tíma.

Áætlun um yfirferð:

Námsefninu er skipt í sjö lotur.

Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni:

Tvö hópverkefni - vægi 20% hvort og ritgerð/verkefni - vægi 20%.

Myndapróf x 2 eftir miðja önn 10%

Skriflegt próf: Í lok annar. Þeir nemendur sem eru með 85% mætingu í annarlok og yfir 8.0 í vetrareinkunn þurfa ekki að taka lokapróf en geta gert það ef þeir kjósa.

Upprifjun: Í lok annar er upprifjun á námsefni. Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun, eftir aðstæðum.


Yfirferð:

1. lota: Inngangur - Hugtök í listasögunni

Að lesa mynd - hvers vegna listir?

Hellamálverkin og fornar menningaþjóðir

(Forsagan)

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	MYS103- Myndlistarsaga Kennsluáætlun vor2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

2. lota: Klassíska fornöldin (300 f.Kr - 200 e. Kr.) Gríska og rómverska fornöldin.

Byggingarlist, höggmyndalist, leirlist og málaralist.

3. lota: Miðaldir og Rómanskur stíll (ár 800 - 1200)

Byggingarlist, höggmyndalist, þráðlist, og mynsturgerð.

Bayeux - refillinn.

4. lota: Gotneskur stíll (ár 1250 - 1350)

Byggingarlist, höggmyndalist, málaralist og handritalýsingar.

Frumherjar málverksins (Cimabue, Duccio, Giotto og S. Martini)

5. lota: Endurreisn (ár 1420 - 1600)

Frum endurreisn (ár 1420 - 1500)

Há endurreisn (ár 1500 - 1527)

Endurreisn í norðri (ár 1425 - 1570)

Síð endurreisn eða manierismi (ár 1520 - 1600)

Byggingarlist, höggmyndalist, málaralist og svartlist (prentlist hefst)

6. lota: Barokk og Rókokkó Stíleinkenni frá 1650 - 1750

Byggingarlist, höggmyndalist, málaralist, tegundamálverk (genre) og svartlist og þráðlist.

7. lota: Nýklassík og Rómantík (ár 1750 – 1850)

Umbrot og afturhvarf í byggingarlist og myndlist. Iðnbyltingin og

franska stjórnarbyltingin. Byggingarlist, járnarkitektúr, höggmyndalist, málverkið - sögumálverkið og steinprent.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils